

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

78. fundur – símafundur haldinn 29.júní 2016

Mætt: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Þórhallur Þorsteinsson. Björn Ármann Ólafsson boðaði forföll. Fjarverandi af aðalmönnum voru Einar Kr. Haraldsson og Steingrímur Karlsson. F.h. Vatnajökulspjóðgarðs sat fundinn Þórveig Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

1. Geldingafell - deiliskipulagstillaga
6. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 18:00.

1.Geldingafell – deiliskipulagstillaga

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir Geldingafell, uppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla unnin af Mannvit. Fulltrúar Mannvits kynntu skipulagsvinnuna á 69.fundi svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs þann 27.mars 2015. Svæðisráð lýsir ánægju með að tekið hefur verið fullt tillit til þeirra ábendinga sem fram komu við það tilefni.

Svæðisráð austursvæðis leggur áherslu á að gert verði ráð fyrir landvarðastöð innan skipulagsins og vísar þar m.a. í markmið uppbyggingar á svæðinu í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs bls. 118.

Jafnframt vekur svæðisráð athygli á að samkvæmt Lögum um þjóðlendur 58/1998 ber að stofna lóð undir skála. Svæðisráð telur mikilvægt að skipulagið geri ráð fyrir því að mögulegt sé að stofna lóð undir skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og einnig að byggja upp landvarðastöð á svæðinu.

2. Önnur mál

Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 18:30.

Ruth Magnúsdóttir, ritaði fundargerð